

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 281/1997  
fyrir Lífeyrissjóð Verkfræðingafélags Íslands.

1. gr.

Grein 5.6 orðast svo:

Til kaupa á hlutabréfum í og skuldbréfum útgefnum af skráðum almenningshlutfélögum á Verðbréfaþingi Íslands svo og hlutabréfum í og skuldbréfum útgefnum af hlutfélögum skráðum á Opna tilboðsmarkaðinum. Eign í slíkum verðbréfum fari þó ekki umfram 20% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

2. gr.

Grein 5.7 orðast svo:

Í traustum erlendum verðbréfum og hlutabréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfa-  
mörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París. Hlutfall erlendra  
eigna fari þó ekki umfram 30% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerðarbreyting þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 20. júní 1997.*

F. h. r.  
**Áslaug Guðjónsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Hermann Jónasson.*

Nr. 676

8. desember 1997

## AUGLÝSING

um afnám auglýsingar um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Felld er út gildi auglýsing nr. 610/1997 um bann við innflutningi vegna Newcastle-  
veiki.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og  
varnir gegn þeim, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995, og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 8. desember 1997.*

F. h. r.  
**Guðmundur Sigþórsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Höskuldsson.*